



## JAFNRÉTTISSTEFNA FÉLAGSBÚSTAÐA

Jafnréttisstefna Félagsbústaða er unnin í samræmi við íslensk lög nr. 150/2020 um jafnan rétt kynjanna.

Hjá Félagsbústöðum er fyllsta jafnréttis gætt milli kynjanna og hver einstaklingur virtur að verðleikum á eigin forsendum. Þannig er tryggt að hæfni, kraftar og kunnátta starfsfólks sé nýtt til fulls, stuðlað að aukinni starfsánægju og unnið í samræmi við gildin virðingu, samvinnu og þjónustu.

Félagsbústaðir vinna markvisst í samræmi við jafnréttisáætlun að jafnri stöðu starfsfólks óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Einnig miðar jafnréttisáætlunin að því að Félagsbústaðir sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður fyrir alla.

Jafnréttisstefna þessi gildir í þrjú ár og skal næsta endurskoðun fara fram í janúar 2025.

*Samþykkt á stjórnarfundum Félagsbústaða*

*25. nóvember 2021*

*Sigrún Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri*